

**Ed.**

**294. Frumvarp til laga**

**[168. mál]**

um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

**1. gr.**

Allir kirkjugarðar landsins og heimagrafreitir eru friðhelgir og skulu vígðir vera af presti. Þar má ekki hafa í nánd leikvelli né önnur mannvirki, sem stafar frá ys og hávaði eða eru til lýta.

**2. gr.**

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs. Druknaðir menn eiga legstað þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða. Heimilt er sóknarnefnd að taka legkaup fyrir þá, er teljast til annars trúfélags en þjóðkirkjunnar eða eiga heimili utan sóknar, hafi þeir eigi áður tryggt sér leg (sbr. 11. gr.). Engan má jarða í óvígðum reit.

**3. gr.**

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd eða þar til kjörin nefnd hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er hér á eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

#### 4. gr.

Skyllt er sveitarfélagi því (en sveitarfélag í lögum þessum er jafnframt haft um bæjarfélög), er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðs-stæði svo og hleðslu- og steypuefni — sand og mól — í girðingu, þó þannig, að óbreyttar haldist kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa.

Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðs-stæðis, skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og ekki standi vatn í þeim.

Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum. Enn fremur leggur sveitarfélag til ókeypis hæfilegan ofaniburð í götur og gangstiga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.

Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af stafað.

Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignar-námi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2.—4. málsg. þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu löknu, og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því, er hann er felldur.

#### 5. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir smekklegri, fjárheldri girðingu með vönduðu sáluhliði, grind á hjörum og læsingu. Þegar girða þarf kirkjugarð, skal leita um það tillagna umsjónarmanns kirkjugarða (sbr. 36. gr.). Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar. Náist eigi samkomulag um hana við umsjónarmann kirkjugarða, ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða. Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju, og skal þá vera klukka í sáluhliði, stöpli eða líkhúsi.

#### 6. gr.

Lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður, hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan.

Nú er þetta vanrækt, og getur þá skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggja fyrir álit héraðsprófasts um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal liggja fyrir vottorð héraðslæknis um það, að garðsstæði sé valið í samræmi við heilbrigðisreglur. Vottorð þetta sendist síðan ásamt uppdrætti að fyrirhuguðum kirkjugarði umsjónarmanni kirkjugarða, er hann leggur ásamt umsögn sinni fyrir skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða til fullnaðarúrskurðar.

#### 7. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim, sem í notkun eru, og hinum, sem hætt er að nota, en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa sé markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum, sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði, sem menn vita, hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur umsjónarmaður kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun, ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

Umsjónarmaður kirkjugarða gerir tillögur um niðurlagða kirkjugarða, hvernig með skuli fara.

#### 8. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi, sem umsjónarmaður kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra, sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, enn fremur nöfn þeirra, er fyrr hafa verið jarðaðir í garðinum, ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur af kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá, og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra, sem standa í skránni. Skrá þessi skal gerð í tveimur eintökum, og geymist annað hjá sóknarpresti, og skal það afhent honum ársfjórðungslega. Geta skal þess í legstaðaskrá, ef lík er jarðað í málmkistu.

#### 9. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um, að grefti sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar, sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar.

Bannað er að taka gröf innan kirkju eða nær grunni hennar en einn metra.

#### 10. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Sé ætlunin að tvígrafa í sömu gröf, skal grafardýpt fyrri sinn vera  $2\frac{1}{2}$  metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum svo fljótt sem við verður komið og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Beinum, sem upp kunna að koma, þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröf-inni á ný, þannig að sem minnst beri á þeim. Sé bálstofa fyrir hendi, er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf.

#### 11. gr.

Hjón eiga, ef kostur er, rétt á allt að fjórum grafarstæðum í sóknarkirkjugarði sínum og geta fengið þau mæld út og leyfisbréf fyrir þeim hjá kirkjugarðsstjóra gegn 150 króna gjaldi á grafarstæði. Heimilt er að tvígrafa, enda sé það tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Réttur til grafarstæðanna gildir í 75 ár.

Rétt til grafarstæða samkvæmt framansögðu erfir eftirlifandi maki, en eftir hann börn hjónanna og kjörbörn, á meðan búsett eru í sókninni. Rétt til legs í slíkum reit hafa auk hjóna börn þeirra og kjörbörn, foreldrar, fósturforeldrar og barnabörn, í þeirri röð, sem þau andast, nema samkomulag verði um annað.

Stærð grafarstæða í kirkjugörðum og heimagrafreitum skal vera  $2.50 \times 1.25$  metrar.

#### 12. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun, ef þess er óskað, gegn 1 kr. gjaldi fyrir hvert ár, sem friðun á að vara. Gjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði, ef þar eru smekklegr minnismerki og þeim vel við haldið, eða af öðrum ástæðum.

#### 13. gr.

Kirkjugarðsstjórnnum er skylt að láta samkvæmt staðfestum uppdrætti girða kirkjugarða, leggja þar brautir og gangstiga, gróðursetja tré og runna og slétta garðinn, ef til þess er ætlazt. Enn fremur skal kirkjugarðsstjórn halda öllu þessu vel við og láta slá garðana árlega, en þó með varúð.

14. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki, er samsvavar tölu þeirra á legstaðaskrá. Sá, er setja vill minnismerki á leiði, skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar, sem ber að sjá um, að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málni eða timbri um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til umsjónarmanns kirkjugarða.

15. gr.

Vanræki hlutaðeigendur að hirða sómasamlega um gróður á leiði, skal kirkjugarðsstjórn láta þekja og hreinsa leiðið á kostnað þeirra eða kirkjugarðsins. Með sama hætti er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá aðstandendum viðvart áður, ef kostur er, og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum, þar sem bezt þykir á fara að dómi héraðsprófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim grófum, sem eldri eru en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Gera skal heildarskrá um alla legsteina og önnur minnismerki eldri en frá 1850 eftir gögnum í Þjóðminjasafni eða öðrum heimildum. Sú skrá skal taka til allra kirkjugarða landsins, sem vitað er um, og varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands. Kirkjugarðsstjórnir skulu aðstoða við samningu hennar, eftir því sem þörf krefur. Óheimilt er að færa þá legsteina og önnur minnismerki úr stað, er á heildarskrá standa, nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar. Séu slík minnismerki flutt, skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.

Kirkjugarðsstjórnnum er skylt að láta hefja öll minnismerki, sem hér um ræðir, úr moldu, ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um alla þá legsteina, er þjóðminjavörður til tekur samkvæmt heildarskrá þjóðminjasafns. Allan kostnað, sem af þessu leiðir, ber að greiða af tekjum hlutaðeigandi kirkjugarða, samning heildarskrár þó undan skilin.

16. gr.

Grafhýsi má því aðeins gera í kirkjugarði, að kirkjugarðsstjórn samþykki, en umsjónarmaður kirkjugarða ræður gerð og stað. Leyfisbréf fyrir grafhýsi skal kosta 100 krónur fyrir hvern fermetra grunnflatar.

17. gr.

Þegar líkbrennsla fer fram, er skylt að húa um öskuna í þar til gerðum duftkerjum. Kerin má grafa niður í grafarstæði eða leiði, enda liggi fyrir fullt samkomulag aðstandenda. Dýpt duftkersgrafar skal vera 1 metri. Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Heimilt er hálfararfélagi eða kirkjugarðsstjórn í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða að reisa kapellu í kirkjugarði til varðveizlu duftkerja. Nöfn þeirra, sem duft er varðveitt af í kirkjugarði, skal rita á legstaðaskrá og kerin eða grafirnar tölusettar.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði.

18. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð fyrir hæfilega þóknun. Hefur hann á hendi umsjón og eftirlit, og gefur kirkjugarðsstjórn honum erindisbréf.

Kirkjugarðsstjórn getur falið kirkjugarðsverði að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi svo og árlegt viðhald legstaða fyrir þá, er þess óska, samkvæmt gjaldskrá, er hún setur.

Lögmætur safnaðarfundur getur veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

19. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt. Ber þeim að annast útvegum skrudjurta til gróðursetningar á leiðum fyrir þá, er þess óska.

20. gr.

Starfsmönnum Skógræktar ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnnum leiðbeiningar um val og hirðingu blómjurtu og trjáa, er vel hæfa kirkjugörðum, svo og að láta kirkjugarðsstjórnnum garðplöntur í té við vægu verði.

21. gr.

Nú hafa tvær sóknir eða fleiri sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða, og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann, svo og utanþjóðkirkjusöfnuðir með a. m. k. 1000 manns, úr sínum hópi í kirkjugarðsstjórn. Sé tala safnaðarnefnda jöfn, kjósa þær á sameiginlegum fundi einn mann í stjórnina.

Um kjörtíma þeirra gilda sömu reglur sem um sóknarnefndir. Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir, að því er til kirkjugarða tekur.

Utanþjóðkirkjusöfnuðir, er hafa löggiltan forstöðumann, eiga rétt á því að fá í kirkjugarði hæfilega stóran reit fyrir sig, miðað við hlutfallslegan mannfjölda.

22. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði til viðhalds einstökum legstöðum í kirkjugörðum. Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóða þessara undir yfirstjórn héraðsprófasts. Er henni skylt að ávaxta sjóðina í banka eða sparisjóði og hafi hver sjóður sína viðskiptabók.

Stofnandi legstaðasjóðs skal í samráði við kirkjugarðsstjórn setja fyrirmæli um það, hvernig verja skuli fé sjóðsins til viðhalds og endurnýjunar legstaðarins.

Nú er friðunartími slíks legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi héraðsprófasts, og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

23. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs er því aðeins gild, að gerð sé með  $\frac{2}{3}$  atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, enda komi til samþykki umsjónarmanns kirkjugarða og skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir til fornleifa, og lætur ráðuneytið þinglýsa friðhelgi þeirra.

24. gr.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð á kostnað sóknar-kirkjugarðsins svo og láta slá hann og hirða sómasamlega. Jarða má í niðurlögðum kirkjugarði þá, sem þar eiga nána vandamenn, enda sé þar klukka til líkhringingar.

25. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a. m. k. frá greftrun í kirkjugarði, og getur þá löglegur safnaðarfundur fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum, ef umsjónarmaður kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða samþykkja og

staðfest er af kirkjumálaráðuneytinu. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti, sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það, að þar hafi kirkjugarður verið.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, sem óviðeigandi er að dómi héraðsprófasts. Ekki má þar jarðrask gera með skurðgrefti né reisa nein mannvirki. Þó getur kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki umsjónarmanns kirkjugarða og skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burt þaðan.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann, skal það auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu og útvarpi. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna, er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörzlu, getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað í garðinum (sbr. 15. gr.).

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð, skal hlutaðeigandi sóknarprestur semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

#### 26. gr.

Nú grandar uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði, og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir, er þurfa þykir.

#### 27. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt með samþykki safnaðarfundar að láta reisa líkhús í kirkjugarði á kostnað garðsins svo og verkamannaskýli fyrir starfsmenn hans. En uppdráttur og staðsetning skulu samþykkt af umsjónarmanni kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða. Gerð líkhúsa skal ákveðin í reglugerð um kirkjugarða.

#### 28. gr.

Kirkjugarðsstjórnir semja árlega reikning yfir tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða, sem þær hafa í umsjá sinni, svo og skýrslu um eignir þeirra, að meðtöldum legstaðasjóðum (sbr. 22. gr.).

Tekjur kirkjugarða auk þeirra, sem áður eru nefndar, skulu vera 1½% árlega af útsvörum allra útsvarsgjaldenda á því svæði, er rétt á til kirkjugarðsins.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum, og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt með samþykki safnaðarfundar og að fengu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn í allt að 4%.

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Er innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum eða innheimtumönnum sveitarsjóða skylt að innheimta þau gegn 6% innheimtulaunum, ef kirkjugarðsstjórn óskar. Ella gerir hún það sjálf gegn sömu þóknun.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim öllum, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

#### 29. gr.

Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna, nema að lokinni endurskoðun sendir prófastur kirkjugarðsreikninga til umsjónarmanns kirkjugarða til úrskurðar.

#### 30. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjugarðasjóður, og er hann í umsjá skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða. Tekjur sjóðsins eru 5% af innkomnum kirkju-

garðsgjöldum. Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðssjóðs fyrir nauðsynlegum gjöldum, og er þá skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða heimilt með samþykki kirkjumálaráðuneytisins að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn í allt að 8%. Skylt er að ávaxta í honum fé kirkjugarðanna, það sem umfram er árlegar þarfir.

Úr sjóði þessum skal veita lán kirkjugarðsstjórnnum til girðingar og fegrunar kirkjugarða, allt að  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, ef skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða telur ástæðu til. Lánin skulu veitt með 5% ársvöxtum til 10—20 ára. Enn fremur skal veita styrki, allt að helmingi kostnaðar, til þess að setja minnismerki þar, sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús að fornu. Skylt er kirkjugarðsstjórnnum að vinna að því í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða, að á staði þessa verði sett minnismerki svo fljótt sem við verður komið. Gerð minnismerkja ákveður skipulagsnefndin, en kostnaður umfram styrk greiðist af fé sóknarkirkjugarðsins, ef eigi næst samkomulag um annað, sbr. þó niðurlagsorð 32. gr.

Skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða er stjórn sjóðsins, en reikningshald og framkvæmdir annast umsjónarmaður kirkjugarða.

Reikninga skal birta árlega í Stjórnartíðindum.

#### 31. gr.

Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Í heimagrafreit má eingöngu jarða heimamenn. Undanþágu frá þessu ákvæði getur þó kirkjumálaráðuneytið veitt með samþykki biskups, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður, ef óðalið gengur úr ættinni.

#### 32. gr.

Nú hefur eigi verið jarðsungið lík í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður, og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund, ef umsjónarmaður kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða samþykkja. Séu minnismerki í garðinum, skal jarðeigandi gera aðstandendum viðvart um, að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

Niðurlagðan heimagrafreit skal eigandi merkja á viðeigandi hátt, og á hann til þess rétt á styrk úr Kirkjugarðasjóði (sbr. 30. gr.).

#### 33. gr.

Próföstum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu, skoða þá á yfirreiðum sínum og senda umsjónarmanni kirkjugarða afrit af skoðunargerðum. Fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits ber prófasti hálf kirkjuskoðunargjald, er greiðist af sjóði kirkjugarðs eða eiganda heimagrafreits.

#### 34. gr.

Heimilt er utanþjóðkirkjusöfnum, sem hafa löggiltan forstöðumann, að taka upp sérstakan kirkjugarð. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan kirkjugarð, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins, meðan þeir halda sínum kirkjugarði sómasamlega við og fylgja settum reglum. Þeir eiga þá og ekki rétt til legs í sóknarkirkjugarðinum.

35. gr.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, að fengnu samþykki biskups, að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi stílaða til kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein, ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um, að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

Réttur aðili til að senda slíka umsókn er eftirlifandi maki, foreldrar, ef um barn dáið innan 18 ára aldurs er að ræða, eða systkini, ef hinn látni á hvorki for- eindra né maka á lífi. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða, sé líkið í sterkri kistu, er héraðslæknir telur fullnægjandi, og hlýtt fyrir mælum hans um framkvæmd alla.
3. Ef aðeins er um tilfærslu líks innan sama kirkjugarðs að ræða, skeri héraðslæknir úr um það, hvort þörf sé sérstakrar kistu.
4. Enn fremur skal upptaka líks heimil samkvæmt dómsúrskurði.

Sóknarprestur skal jafnan vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um, að flutningsins sé getið í legstaðaskrá kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við, þegar slíkt lík er jarðsett.

36. gr.

Skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða ræður umsjónarmann kirkjugarða og setur honum starfsreglur, og skal hann jafnan vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Laun hans greiðist úr ríkissjóði.

37. gr.

Kirkjumálaráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða, þar sem sett eru um þá nánari ákvæði, rekstur þeirra, tilhögun og stjórn.

Reglugerðin skal sett í samráði við umsjónarmann kirkjugarða.

38. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að setja ýmsar reglur varðandi kirkjugarða og leita staðfestingar kirkjumálaráðherra á þeim.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—5000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt eldri lögum.

40. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða, svo og öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta ásamt greinargerð var samþykkt á kirkjuþingi, og flytur nefndin það að beiðni kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess. Greinargerðin, sem fylgdi frumvarpinu, er svo hljóðandi:



Gildandi lög um kirkjugarða eru l. nr. 64 23. júní 1932 með áorðnum breytingum og eru því senn 30 ára gömul. Á þessu tímabili hafa orðið allverulegar breytingar á skipulagi kirkjugarða, bæði hjá nágrannaþjóðum vorum og víðar. Hér á landi er skipulagi og hirðingu kirkjugarðanna mjög ábótavant, og hefur svo lengi verið. Nú virðist vera að vakna nokkur áhugi manna víðs vegar á því að sýna kirkjugörðum meiri ræktarsemi en áður, girða þá sómasamlega, skipuleggja grafstæði og gangbrautir og prýða þá þeim gróðri, er bezt hentar. Þetta hafa nágrannaþjóðir vorar þegar gert með þeim árangri, að kirkjugarðarnir í mörgum bæjum og þorpum eru orðnir þar fegurstu reitirnir, sem unun er að ganga um og skoða.

Þær breytingar á gildandi lögum um kirkjugarða, sem hér er farið fram á, miða einkum að því, að kirkjugörðum landsins verði hér eftir meiri sómi sýndur en hingað til og skipulagi þeirra og hirðingu komið í betra horf.

Frumvarp þetta er upphaflega samið af nefnd, er kirkjumálaráðherra skipaði árið 1955 til þess að endurskoða kirkjuleg lög og tilskipanir. Var það sent frá Alþingi til Kirkjubings haustið 1958. Kirkjubing afgreiddi það frá sér með nokkrum breytingum, og var það þannig lagt fyrir Alþingi 1959—60 og afgreitt þaðan með rökstuddri dagskrá þess efnis, að málinu væri vísað til umsagnar safnaðanna í landinu. Fyrir Kirkjubing 1960 var frumvarpið enn lagt af kirkjumálaráðherra. Fjallaði þingið ýtarlega um málið, og var frumvarpið samþykkt einróma í þeirri mynd, sem það nú er í. Hefur þetta mál nú verið það lengi á döfinni og svo vandlega ihugað, að frekari vitna um afstöðu safnaðanna til þess er óþarft að leita, enda hnígur álit allra kirkjulegra funda á eina sveif um það að óska þess, að þetta frumvarp fái nú sem greiðastan framgang á Alþingi.

#### Um 1. gr.

Hér eru sett ákvæði um friðun kirkjugarða og bannað að hafa í nánd við þá leikvelli eða þær byggingar, sem frá stafar mikill hávaði eða eru til lýta.

Þykir óhjákvæmilegt, að um þetta séu ákvæði í lögum.

#### Um 5. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að auk umsjónarmanns kirkjugarða (sbr. 42. gr. l. nr. 64 1932, um kirkjugarða) sé skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða, sem í eiga sæti biskup, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður. Auk þeirra starfa, sem nefndinni eru ætluð í lögum þessum, er ætlazt til, að nefndin hafi úrskurðarvald um gerð nýrra kirkna og endurbætur eldri kirkna, sbr. l. nr. 43 1954, um Kirkjubyggingasjóð. Þriðji maður í þá nefnd, auk biskups og húsameistara, hefur enn eigi verið skipaður, og þykir vel á því fara, að það verði þjóðminjavörður, ekki sízt þegar um breytingar gamalla kirkna er að ræða, sem geyma í búnaði eða stíl einkenni horfinna tíma. Nefnd þessi er ólaunuð.

#### Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika að tvígrafa í sömu gröf, enda sé þá fyrri gröfin a. m. k. 2½ metri á dýpt. Þetta er orðið mjög algengt erlendis, enda notast þá betur hið takmarkaða rými í kirkjugörðunum. Enn fremur er hér gert að skyldu að slétta yfir gröf í stað þess að hlaða leiðin upp, svo sem tíðkæzt hefur og gerir kirkjugarðana að kargabýfðum reit með tímanum. Hins vegar á það að vera tryggt með skipulegum grefti, legstaðaskráum og tölumerkingu leiða (sbr. 8. og 14. gr.), sem nánar getur um síðar, að auðvelt sé að finna hvert leiði, þótt ekki sé upphlaðið.

#### Um 11. gr.

Hér eru sett nánari ákvæði um fjölskyldugrafreiti innan kirkjugarða, en um það hafa eigi til þessa verið nein skýr fyrirmæli og það valdið óþægindum og

jafnvel deilum. Af þeim ástæðum þótti og rétt að ákveða erfðarétt til slíkra ættargrafreita og hverjir þar eigi rétt til legs.

#### Um 12. gr.

Hér er tekið upp það nýmæli að ákveða friðunartíma grafa og binda hann við 75 ár, nema aðstandendur að þeim tíma liðnum óski lengri friðunar eða rétt þyki að framlengja friðun grafar af öðrum ástæðum. Í Danmörku er friðunartími grafa aðeins 20—30 ár. Með tilliti til kaldrar veðráttu hér þótti rétt að ákveða þennan tíma rúmlega tvöfalt lengri, eða 75 ár. Þessu ákvæði um gróft að nýju eftir 75 ár er ætlað til að beitt verði með fullri varúð og gætni. Hins vegar er ekki unnt að dyljast þess, að ef friða á allar grafir um óákveðinn tíma, leiðir það til útþenslu kirkjugarða yfir æ stærri svæði, torveldar skipulag þeirra og hefur í för með sér meiri kostnað í viðhaldi og girðingum en söfnuðirnir geta risið undir. Með því að grafa skipulega, merkja allar grafir um skrásetja þær jafnóðum og hafa friðunartímann 75 ár ætti að mega koma í veg fyrir, að nokkurri gróf verði raskað, fyrr en líkamsleifar eru fúnaðar, en jafnframt væri þá hægt að stilla stærð grafreitanna í hóf og reikna út fyrir fram, hve stóran grafreit þarf í hverri sókn miðað við fólkstölu, þannig að hann nægi um alla framtíð að lítt breyttum aðstæðum.

#### Um 14. gr.

Þar eru ákvæði um tölumerkingu leiða. Á Norðurlöndum er nú tekin upp sú regla að merkja hvert leiði með þar til gerðu tölumerki. Merki þessi eru úr málm, mjög einföld að gerð og lítt áberandi. Slík merki mætti búa til hér á landi, og mundu þau kosta mjög lítið. Þetta þykir því sjálfsögð ráðstöfun, er mundi auðvelda að finna hvert einstakt leiði í kirkjugarðinum. Þá hefur þótt nauðsyn á að koma í veg fyrir, að sett verði ósmekkleig eða óviðunandi minnismerki á leiði eða annar umbúnaður, sem illa þykir hæfa. Sjón er sögu ríkari um það, til hvíllkrar óþryði og vansa hálfúnar, brotnar og skældar timburgirðingar um leiði eru víðs vegar í kirkjugörðum landsins. Þá þykir og rétt, og er það í samræmi við það, sem frændþjóðir okkar hafa þegar gert, að banna aðrar girðingar en limerði um einstök leiði. Hér hefur sá leiði síður farið mjög í vöxt, ekki sízt í höfuðstaðnum, að steypa vegg allháa utan um leiðin, og eru veggir þessir síðan húðaðir með skeljasandi eða þess háttar. Þetta er óþarft vegna þess, að kirkjugarðurinn sjálfur á að vera örugglega girtur og friðaður. Þetta hefur í för með sér óþarfan kostnað, sem betur væri varið til feigrunar leiðanna á annan hátt. Þetta gerir hirðingugarðanna erfiðari. Og þetta er til lengdar hvorki fagur umbúnaður um leiði né varanlegur. Innan skamms mun það koma ömurlega og áþreifanlega í ljós, og er raunar tekið að sjá þess merki, að múrhúð flagnar af veggjunum, þeir springa og skekkjast. Ætti viðhaldsskylda að hvíla á kirkjugarðsstjórn, mundi hún verða stærri baggi en kirkjugarðarnir geta undir risið, hins vegar vafasamt að eiga það undir vilja og framtaki fjarskyldra ættingja, hvort sinnt verður um þessar vanhirtu girðingar eða eigi. Við því má búast, að innan ekki langs tíma verði sumar kirkjugarðsstjórnir að verja til þess miklu fé og fyrirhöfn að fjarlægja úr kirkjugörðunum steinsteyptar girðingar um leiði, sem engir fást til að hirða um lengur og orðnar eru til stórra lýta.

#### Um 17. gr.

Nánari fyrirmæli en áður um meðferð duftkerja eru nauðsynleg. Bannað er að varðveita duftker annars staðar en í vígðum grafreit. Áður hefur nokkuð tíðk-azt, að slík ker væru varðveitt í heimahúsum eða í kirkjum, en hvorugt þykir viðeigandi né heppilegt.

#### Um 20. gr.

Fellð er niður, samkvæmt ósk skógræktarstjóra, skylda hans til þess að láta í té ókeypis plöntur til kirkjugarðsstjórna, þar sem hann telur slíkt óheppilegt og

jafnvel hafa verið misnotað í einstökum tilfellum. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að starfsmenn Skógræktarinnar veiti leiðbeiningar um val jurta og trjáa og láti plöntur í té við vægu verði.

#### Um 28. gr.

Hér eru kirkjugörðum tryggðar árlegar tekjur, 1½% af útsvörum. Ætti það venjulega að nægja fyrir nauðsynlegustu gjöldum, þegar ákvæði 30. gr. koma til framkvæmda. Rétt þykir að vernda gjaldendur fyrir óhóflegum álögum til kirkjugarða. Að því lúta ákvæði 3. málsg.

#### Um 30. gr.

Ef unnt á að vera að girða kirkjugarð sómasamlega, þarf til þess meira fé en söfnuðir eru færir um að leggja fram í eitt skipti. Þess vegna er gert ráð fyrir stofnun sérstaks sjóðs, kirkjugarðasjóðs, er veiti kirkjugarðsstjórnnum hagstæð lán til þessara framkvæmda. Fé það, sem sjóður þessi hefði til útlána, yrði sú eign einstakra kirkjugarða, sem er umfram árlegar þarfir og er skylt að ávaxta í sjóðnum.

Í upphaflegri mynd gerði frumv. ráð fyrir, að ríkissjóður legði 20 þúsund krónur árlega næstu 20 ár í kirkjugarðasjóð. Kirkjubíing felldi þetta ákvæði um stofnfé úr ríkissjóði niður, og hefur þá kirkjugarðasjóður ekki aðrar tekjur en 4% innheimtra kirkjugarðsgjalda.

Fé kirkjugarðasjóðs á að verja jöfnum höndum til útlána og til styrktar því, að komið verði upp minnismerkjum á þeim stöðum, þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús. Slikir staðir falla óðum í gleymsku, ef ekkert er gert til þess að auðkenna þá. Er það ekki vansalaust sögubjóð. Niðurlagðir kirkjugarðar, fornir kirkjustaðir og bænhús skipta mörgum hundruðum.

#### Um 31. gr.

Hér er lagt til, að felld verði úr lögum heimild til að leyfa upptöku heimagrafreita. Heimagrafreitir teljast nú vera 155 á landinu, og hefur þeim fjölgað mjög á síðari árum. Af þeim eru 110 í aðeins sex prófastsdæmum. Í einni kirkjusókn landsins, þar sem eru 19 jarðir, auk nýbýla, eru heimagrafreitir 13. Þessi héruð hafa enga sérstöðu um staðhætti eða aðstöðu, er geri þessar ráðstafanir eðlilegar, því síður óhjákvæmilegar. Hér hefur aðeins skapast tízka, sem verður að teljast allt annað en heppileg. Er auðsætt, að hún stuðlar ekki að áhuga á viðhaldi og fegrun sóknarkirkjugarðsins.

Óskir um upptöku einkagrafreita hafa oft verið sprotnar af ræktarsemi við ábýli og eignarjarðir og studdar af þeirri von eða ætlun, að ættmenn þeirra, er kusu sér leg á eignarjörð, mundu búa á jörðinni framvegis, hirða um grafreitinn og tengjast jörðinni fastari böndum hans vegna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessar vonir og áætlanir hafa reynzt haldlitlar. Reynzlan sýnir, að forsendur af þessu tagi fyrir upptöku heimagrafreita eru næsta fallvaltar. Nýir ábúendur hafa komið til sögu, er vildu hvorki nota reitinn né halda honum við, töldu hann sér með öllu óviðkomandi eða jafnvel til baga. Til er og það, að slíkar jarðir leggist í eyði. Viðs vegar um land eru þannig vanrækt, umhirðulítill eða yfirgefin einstök kuml, og eru þau þjóðinni til lítillar sæmdar, ofan á þá umhirðu kirkjugarða, sem víða er meira en lítið ábótavant. Ekkert bendir til þess, að heimagrafreitir tengi menn verulega fastar við óðal eða ábýli. Þeirri hugmynd virðist reynslan hafa hnekk. Væri því eðlilegra að beina þeirri tilfinningu tryggðar og ræktarsemi, sem er að baki óskanna um heimagrafreiti, að sameiginlegum legstað sveitarinnar.

En óskir um upptöku einkagrafreita eru allt eins oft sprotnar af geðhrifum stundarinnar eins og af gróinni tryggð við ábýli. Þegar um svípleg dauðsföll er að ræða, er aðstandendum það stundum tilfinningamál að fá að greftra líkin

heima hjá sér. Þeim finnst það raunalegt í bili. En þessi tilfinning verður að teljast skammsýn. Þegar frá líður, verður lítil raunabót að gröfinni í túninu.

Sú reynsla, sem komin er á það, hvernig heimildin um upptöku heimagrafreita gefst í framkvæmd, hnígur öll á eina sveif um það, að hún ætti að hverfa úr lögum. Einkagrafir í túnum og móum víðs vegar, meira eða minna vanhirtar, samfara illa girtum og umhirðulitlum kirkjugörðum, bera vitni um skort á þegnlegri félagshyggju og samvinnuvilja. Virðist, eins og nú háttar um farartæki og samgöngur, engu meiri ástæða til að heimila fólki í sveitum að grafa lík í hlaðvarpa, trjágærði eða túnfæti en að leyfa fólki í bæjum að koma dufti framliðinna fyrir í skrudgörðum við hús sín.

#### Um 35. gr.

Rétt þykir að taka inn í kirkjugarðalögin ákvæði um uppgröft og flutning líka.